

Priðjudaginn 28. mars 1995.

Nr. 94/1995.

Pórður Daníel Bergmann

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám fellt úr gildi. Fyrning. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1995, sem barst réttinum 17. mars sl. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að ógilt verði fjárnámsgerð í fasteigninni Klyfjaseli nr. 1 í Reykjavík, sem gerð var 27. október 1994 til tryggingar kröfu varnaraðila, að fjárhæð 607.855 krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði kemur fram, að varnaraðili hefur á árunum 1988 og 1989 fengið lögtök gerð í fasteign Snæfells s/f að Langholtsvegi 109, Reykjavík, fyrir opinberum gjöldum, sem lögð voru á félagið þau ár. Lögtaksgerðunum var þegar fylgt eftir með beiðnum um uppboð á eigninni, en nauðungarsala fór þó ekki fram fyrr en 17. september 1993. Fékk varnaraðili ekki fulla greiðslu þar á kröfum sínum á hendur félaginu.

Sóknaraðili gekk úr nefndu sameignarfélagi í október 1988, en tilkynning um það barst Firmaskrá Reykjavíkur í nóvember 1989. Er óumdeilt í málinu, að sóknaraðili hafi borið ábyrgð á nefndum gjöldum, sem á það voru lögð.

Samkvæmt þágildandi 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar hélst lögtaksréttur fyrir skuldakröfu, þar til tvö ár voru liðin frá gjalddaga. Lögtök þau, sem gerð

voru, rufu fyrningarfrest gagnvart þeim, sem gerðunum var beint gegn. Með þeim varð fyrning hins vegar ekki rofin gagnvart sóknaraðila sem ábyrgðarmanni að skuldinni, og er ekki leitt í ljós, að annarra úrræða hafi verið neytt til að rjúfa fyrningarfrest gagnvart honum. Samkvæmt því var lögtaksréttur fyrndur þegar 1. júlí 1992, er 2. gr. laga nr. 29/1885 féll úr gildi, sbr. einnig 1. mgr. 102. gr. laga nr. 90/1989. Heimildir fyrir fjárnámi varnaraðila voru því brott fallnar, er það var gert, en sóknaraðili hefur meðal annars borið fyrir sig fyrningu til stuðnings kröfum sínum.

Ber þegar af þessari ástæðu að fallast á kröfur sóknaraðila og ógilda fjárnámsgerðina. Þá verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að dómarrinn í héraði tók málið til úrskurðar, án þess að það væri munnlega flutt, og fór þar að yfirlýsingu umboðsmanna aðilanna um, að þeir teldu ekki ástæðu til munnlegs málflutnings. Þessi málsmeðferð er í andstöðu við síðari ml. 1. mgr. 88. gr., sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989.

D ó m s o r ð :

Fjárnám, sem gert var í fasteign sóknaraðila að Klyfjaseli 1 í Reykjavík 27. október 1994 að kröfu varnaraðila, er felld úr gildi.

Varnaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Þórði Daníel Bergmann, samtals 90.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 1995.

Sóknaraðili, Þórður Daníel Bergmann, kt. 131252-3589, Klyfjaseli 1, Reykjavík, skaut máli þessu til héraðsdóms með bréfi, dags. 20. desember 1994. Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að fjárnámssgerð nr. 11/1994/17290, er sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá honum að kröfu varnaraðila 27. október 1994, verði ógilt. Gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila, Klyfjaseli 1,

Reykjavík, til lúkningar kröfu, að fjárhæð 607.855 kr., auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og fjárnámsgerðin staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili máls þessa var einn sameigenda sameignarfélagsins Snæfells. Hann gekk síðar úr félaginu. Krafa sú, sem umdeilt fjárnám var gert til lúkningar á, er vegna opinberra gjalda sameignarfélagsins. Ekki er ágreiningur um ábyrgð sóknaraðila á þessum skuldum félagsins.

Hinn 8. október 1988 var gert lögtak í eignarhluta Snæfells sf. í fasteigninni Langholtsvegi 109 til lúkningar opinberum gjöldum félagsins það ár. 20. september 1989 var á sama hátt gert lögtak í eigninni til lúkningar opinberum gjöldum 1989. Fasteignin var seld nauðungarsölu 17. september 1993.

Varnaraðili lýsti kröfu í söluandvirði eignarinnar á grundvelli lögtaksgerða þessara, að fjárhæð samtals 1.552.869 kr. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns nam úthlutun til hans 1.055.313 kr. Gerði varnaraðili ekki athugasemd við frumvarpið og fékk úthlutað samkvæmt því. Sá, er kom næst á eftir í veðröð, fékk úthlutað samtals 753.864 kr. upp í sína kröfu. Sóknaraðili bendir á, að sú krafa komi sér ekki við, þar sem hann hafi ekki borið persónulega ábyrgð á greiðslu hennar.

Varnaraðili skipti úthlutuninni svo, að hann færði 777.077 kr. til fullnaðar-greiðslu gjalda ársins 1988, en 291.091 kr. sem greiðslu upp í áfallna dráttarvexti og kostnað vegna gjalda ársins 1989.

Sóknaraðili ber fyrir sig, að lögtaksgerðum varnaraðila hafi verið þinglýst seint og að hann hafi dregið lengi að krefjast nauðungaruppboðs. Þá hafi hann ekki mótmælt frumvarpi að úthlutunargerð, þó að þar hafi verið gert ráð fyrir of lágri fjárhæð til greiðslu dráttarvaxta til hans. Því sé missir hans á forgangsrétti fyrir vöxtum á eigin ábyrgð hans. Sóknaraðili hafi ekki verið aðili að uppboðsmálinu og hafi því ekki haft tækifæri til að staðreyna það, að úthlutun til varnaraðila væri rétt.

Sóknaraðili bendir á, að skv. úthlutun hafi 420.709 kr. verið til greiðslu gjalda ársins 1988 (höfuðstóll 360.200 kr., dráttarvextir 60.509 kr.), en 634.604 kr. til greiðslu gjalda ársins 1989. Skipting varnaraðila á þessu sé því ekki rétt, en hann reiknar gjöld ársins 1988 sem að fullu greidd.

Varnaraðili segir í greinargerð, að hann hafi krafist uppboðs með beiðnum, dagsettum 14. desember 1988 og 27. október 1989. Uppboðsmálinu hafi verið margfrestað í uppboðsrétti Reykjavíkur, og við réttarfarsbreytingarnar 1. júlí 1992 hafi þurft að afturkalla beiðnirnar og senda nýjar. Fasteignarhlutinn hafi síðan verið seldur nauðungarsölu 17. september 1993.

Varnaraðili segir, að við úthlutunina hafi verið felldir niður dráttarvextir af kröfunni, þar sem talið hafi verið, að hann hafi veitt gjaldfrest með því að afturkalla uppboðsbeiðnir sínar.

Varnaraðili mótmælir þeim staðhæfingum sóknaraðila, að mistök hafi verið gerð við úthlutun söluverðs. Gætt hafi verið ákvæða laga nr. 23/1901, og hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á, að útreikningar sýslumanns hafi verið rangir. Sóknaraðila hafi sjálfum verið í lófa lagið að mótmæla úthlutuninni, en það hafi hann ekki gert.

Þá mótmælir varnaraðili því, að vextir hafi verið fyrndir eða lögtaksréttur. Þá hafi ekki verið sýnt fram á, í hverju tómlæti hans hafi falist.

Niðurstaða.

Lögtök voru gerð til lúkningar kröfum varnaraðila á árunum 1988 og 1989, svo sem að framan er lýst. Þeim fullnustuaðgerðum var lokið með nauðungarsölu 17. september 1993. Með lögtaksgerðunum var slitíð fyrningu skuldanna, og gat fyrningarfrestur ekki tekið að líða, fyrr en nauðungarsalan hafði farið fram. Varnaraðili hefur lagt fram afrit uppboðsbeiðna, sem hann afturkallaði síðan í kjölfar gildistöku nýrra laga um nauðungarsölu árið 1992. Þarf ekki, eins og mál þetta liggur fyrir, að leysa úr því, hvort rétt hafi verið að afturkalla beiðnirnar, en varnaraðili krafðist nauðungarsölu innan hæfilegs tíma, eftir að hann afturkallaði fyrri beiðnir.

Aðila greinir ekki á um, hvernig sýslumaður reiknaði kröfu varnaraðila til úthlutunar. Þá eru þeir sammála um, að úthlutað hafi verið lægri fjárhæð til hans en krafist var, þar sem sýslumaður taldi, að hann hefði að talsverðum hluta glatað forgangsrétti fyrir vöxtum vegna ákvæða laga nr. 23/1901. Hins vegar telur sóknaraðili, að úthlutun til varnaraðila hafi verið lækkuð meir en réttmætt hafi verið og varnaraðili vanrækt að mótmæla því.

Ekki verður í þessu máli úr því leyst, hvort úthlutunargerð hafi verið réttilega ráðin. Við úrlausn þessa máls skiptir máli, að krafa varnaraðila var ekki að neinu leyti fyrnd, hvorki höfuðstóll hennar né dráttarvextir, þar sem lögtak hafði verið gert til lúkningar þeim. Missir forgangsréttar skv. lögum nr. 23/1901 felur ekki í sér, að veðtrygging fyrir vöxtunum glatist, heldur einungis staða í úthlutunarröð gagnvart öðrum veðhöfum. Því var varnaraðila heimilt að krefjast aðfarar hjá þeim, sem ábyrgð báru á greiðslu krafanna, er fram var komið, að full greiðsla fékkst ekki af söluverði fasteignarinnar.

Ekki verður fallist á það með sóknaraðila, að með vanrækslu um að mótmæla hugsanlegum skekkjum í frumvarpi að úthlutunargerð hafi varnaraðili látið af kröfunni eða hún fallið niður með einhverjum hætti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður fjárnámsgerðin staðfest. Rétt er þó að fella málskostnað niður.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Þórðar Daníels Bergmann, um ógildingu framangreindrar fjárnámsgerðar.

Málskostnaður fellur niður.
